

**Kvenna
listinn**

MÁLEFNAGRUNDVÖLLUR KVENNALISTANS
Í STJÓRNARMYNDUNDARVIÐRÆÐUM 1987

TRÚNAÐARMÁL

6

I Efnahags- og ríkisfjármál

Eitt af meginverkefnum nýrrar ríkisstjórnar hlýtur að verða tiltekt í ríkisbúskapnum, hagræðing, sparnaður og gagnger endurskoðun tekjuöflunar ríkissjóðs.

Allar aðgerðir á þessu sviði verða að hafa það að meginmarkmiði að dreifa byrðunum réttlátlega og að jafna og bæta félagslega þjónustu.

Hagræðing og sparnaður

- 1) Tekin verði upp breytt aðferð við fjárlagagerð, þar sem hætt verði við sjálfvirka framreiknun. Markmið fjárveitinga verði endurskoðuð reglulega.
- 2) Tekin verði upp markvissari stefna í byggingaframkvæmdum hins opinbera með áætlunum til lengri tíma, þar sem gengið er út frá skemmsta mögulega byggingartíma.
- 3) Stöðvaður verði undirbúningur undir frekari virkjanir.
- 4) Stóriðjunefnd verði lögð niður.
- 5) Endurskoðað verði fyrirkomulag launa fyrir þátttöku í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera.
- 6) Rekstrargjöld ráðuneyta og ríkisstofnana verði tekin til rækilegrar endurskoðunar, sparað í ferða- og risnukostnaði og bílamál athuguð sérstaklega.

Tekjuöflun

- 1) Áhersla verði lögð á stórefldar skattarannsóknir og eftirlit sem sérstaklega beinist að undandrætti undan söluskatti.

6.
5-
7
32
6.
3
6.
3
3
3
5
5
1
15
4

- 2) Skattlagning á fyrirtæki og fjármagnseigendur verði endurskoðuð þegar í stað.
- 3) Skyldusparnaður verði lagður á fyrirtæki og arður af hlutabréfum skattlagður.
- 4) Tekinn verði upp stighækkandi skattur á eignir umfram hófleg mörk.
- 5) Tekjuskattsþrep verði a.m.k. tvö.

Lántökur

Áhersla verði lögð á innlendar lántökur og innlendan sparnað og erlendum lántökum settar strangar skorður.

II Launa- og kjaramál

- 1) Sett verði lög sem banna að greiða laun fyrir dagvinnu sem eru undir framfærslukostnaði einstaklinga. Því verði Hagstofunni falið að reikna út framfærsluvísitölu einstaklings, en þar til hún liggur fyrir verði miðað við hlutfall af framfærslu vísistölufjölskyldunnar. Ellilífeyrir og örorkulífeyrir sé aldrei lægri en svo, að viðkomandi hafi heildarlífeyri sem jafnist á við lágmarksdagvinnutekjur.
- 2) Ákveðnu prósentuhlutfalli af heildarlaunakostnaði ríkisins verði varið til að hækka laun þeirra sem starfa hjá ríkinu í hefðbundnum kvennastörfum. Markmiðið er að þetta verkefni komist í framkvæmd í

- ársbyrjun 1988. Sett verði á fót nefnd til að sjá um endurmat á störfum kvenna.
- 3) Í samningum ríkisins við starfsmenn sína skal vægi dagvinnulauna aukið með hækkun grunntaxta dagvinnu og lækkun eftirvinnustuðuls.
 - 4) Komið skal á sveigjanlegum vinnutíma þar sem því verður við komið hjá starfsmönnum ríkisins.
 - 5) Heimilisstörf verði metin til jafns við önnur störf sem starfsreynsla á vinnumarkaðnum. Lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks verði tryggð.
 - 6) Fæðingarorlof verði lengt í 6 mánuði nú þegar og miðist við launatekjur og heimavinnandi fái fullar viðmiðunargreiðslur.
 - 7) Tryggt verði að tekjur, sem miðast við framfærslukostnað verði ekki skattlagðar. Samsköttun verði afnumin og þeim fjármunum varið í hækkun barnabóta.

III Atvinnumál

- 1) Hlutverk stjórnvalda á fyrst og fremst að vera fólgið í upplýsingaöflun og ráðgjöf, markaðsleit og aðstoð við fjármögnun, sem mismunar ekki verkefnum og styðst við raunhæfar áætlanir, en ekki óskhyggju.
- 2) Efla skal menntun og rannsóknarstarfsemi, sem er grundvöllur uppbyggingar og nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar.

Sjávarútvegur

- 1) Við endurskoðun kvótakerfis verði komið í veg fyrir verslun með kvóta og tryggt að flutningur kvóta milli byggðalaga verði einungis ef vinnslustöðvar anna ekki því sem berst á land.
- 2) Lögð verði áhersla á fullvinnslu sjávarafurða hér á landi með byggðasjónarmið í huga. Fiskur verði ekki fluttur óunninn úr landi, meðan vinnslustöðvar eru verkefnalausar.
- 3) Bónus í fiskvinnslu verði afnuminn, kjör fiskvinnslufólks bætt og atvinnuöryggi tryggt.

Landbúnaður

- 1) Lokið verði gerð jarðabókar og gerð áætlun um nýtingu landsins m.t.t. landgæða og nýtingar.
- 2) Þak verði sett á stærð búa, tillit tekið til hlunninda og framleiðsla landbúnaðarafurða verði bundin við lögbýli.
- 3) Kaupum á fullvirðisrétti jarða verði hætt.
- 4) Ríkissjóður kaupi jarðir einkum í jaðarbyggðum ef bændur vilja hætta búskap þar.
- 5) Aukin verði úrvinnsla landbúnaðarafurða sem næst framleiðslustað og áhersla lögð á fullvinnslu.
- 6) Endurskoða þarf sjóðakerfi landbúnaðarins, draga úr yfirbyggingu og miðstýringu í landbúnaði og fækka milliliðum.

Iðnaður

- 1) Efla þarf matvælaíðnað, endurvinnsluíðnað og léttan íðnað, m.a. með því að bjóða afgangsortku á hagstæðu verði.
- 2) Efla þarf ferðapjónustu, þar sem lögð verði áhersla á bættu aðstöðu til móttöku ferðamanna um allt land og verndun dýrmætrar náttúru landsins.
- 3) Látið verði af frekari stóriðjuáætlunum og virkjanaframkvæmdum tengdum þeim. Stóriðjunefnd verði lögð niður.

IV Byggðamál

- 1) Leita þarf leiða til að halda fjármagni í heimabyggð í ríkara mæli en nú er og tryggja stöðugleika atvinnulífs og þjónustu á landsbyggðinni.
- 2) Staðið verði við framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
- 3) Unnið verði markvisst að uppbyggingu flugvalla, vega og hafna á landsbyggðinni.
- 4) Sama gjaldskrá verði tekin upp innan hvers svæðisnúmers Pósts og síma. Opinberar stofnanir verði settar á landsnúmer. Leita þarf sambærilegs jöfnuðar milli dreifbýlis og þéttbýlis varðandi orkukostnað og vöruverð.
- 5) Gera skal fólki kleift að hafa bein áhrif í lands- og sveitarstjórnarmálum. Auka þarf rétt þess til umfjöllunar og atkvæðagreiðslu um einstök

sveitarstjórnarmálefni sem og landsmál.

- 6) Ríkisútvarpið komi á fót svæðisbundnum útvarpsstöðvum um allt land.

V Umhverfismál

- 1) Sett verði heildarlöggjöf um umhverfismál og komið á fót sérstöku ráðuneyti umhverfismála. Ekki verði um aukna starfsemi að ræða, heldur safnað undir einn hatt stofnunum og verkefnum, sem nú heyra undir hin ýmsu ráðuneyti og samráð tryggt á öllum sviðum umhverfismála
- 2) Gerð verði áætlun um nýtingu landsins, sem tekur fyrst og fremst mið af varðveislu og endurheimt landgæða.
- 3) Tekin verði upp markviss umhverfisfræðsla.

VI Heilbrigðis- og félagsmál

- 1) Leggja þarf megináherslu á fyrirbyggjandi heilsuvernd. Í því felst m.a. aukin heilbrigðisfræðsla meðal almennings og í skólum. Jafnframt verður að gera fólki efnahagslega og félagslega kleift að velja sér heilsusamlega lífnaðarhætti.
- 2) Standa þarf við það megin sjónarmið laga um heilbrigðisþjónustu að hún sé öllum aðgengileg, óháð tekjum. Sporna þarf við einkarekstri í heilbrigðisþjónustu sem leitt geti til mismununar.

- 3) Gera þarf stóráttak í geðheilbrigðismálum barna og unglunga.

Málefni fatlaðra

- 1) Ákvæðum laga um fatlaða verði framfylgt og tryggt að fé til framkvæmdasjóðs fatlaðra verði ekki skert, né heldur það fé sem þeim ber úr erfðafjárjóði.
- 2) Þjónustu við fatlaða þarf að veita í heimabyggð. Þegar ekki verður hjá því komist að sækja annað og sérstaklega ef fötlun veldur búseturöskun þurfa tryggingar að mæta þeim kostnaði.

Málefni aldraðra

- 1) Tryggja skal nægjanlegt fjármagn til að framfylgja ákvæðum laga um aldraða.
- 2) Öldruðum sem búa í heimahúsum þarf að tryggja heimahjúkrun og heimilishjálp, auk reglubundinnar skoðunar. Endurskoða þarf kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga hvað varðar þessa þjónustu.

Ofbeldi

- 1) Rekstur Kvennaathvarfsins í Reykjavík verði tryggður með nægjanlegu fjármagni.
- 2) Koma þarf upp neyðarmóttöku fyrir börn sem hafa verið beitt ofbeldi og veita þeim og fjölskyldum þeirra aðstoð.

- 3) Fræða þarf fólk sem vinnur með börn og unglínga um áhrif ofbeldis á börn til að geta brugðist við þegar slíkt kemur upp.
- 4) Staða barna verði styrkt með því að stofna embætti barnamálsvara sem gæta skal réttar og hagsmuna barnsins í öllum málum bæði gagnvart foreldrum og stjórnkerfi.
- 5) Stöðva þarf sölu og útbreiðslu á klámi eins og lög gera ráð fyrir.

Húsnæðismál

- 1) Taka þarf tillit til fjölskylduaðstæðna og eigna í lánveitingum úr byggingasjóðunum.
- 2) Gera þarf áætlun um byggingu leiguhúsnæðis í samræmi við könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði sem gerð var nýlega. Ákveðinni upphæð verði árlega veitt í þetta verkefni þar til þörfinni er fullnægt.
- 3) Leysa þarf húsnæðisvanda fatlaðra og aldraðra.
- 4) Leita þarf leiðréttingar á vanda misgengishópsins.
- 5) Miða skal húsnæðisframlag við fjölskyldustærð og tekjur.

VI Uppeldis,- mennta- og menningarmál

- 1) Framlag til lista og menningarmála verði bundið við ákveðna hlutfallstölu á fjárlögum, þ.e. a.m.k. 1% af A-hluta fjárlaga.

- 2) Átak skal gert í uppbyggingu dagvista. Varið skal 0,8% af A-hluta fjárlaga í þennan lið árlega þar að þörf er fullnægt. Kostnaðarhlutdeild ríkisins vegna byggingar dagvistarheimila verði endurskoðuð með aukna hlutdeild ríkisins í huga.
- 3) Grunn- og framhaldsmenntun verði eflð í öllum landsfjórðungum og komið verði á kennslugagnamiðstöðvum í öllum fræðsluumdæmum.
- 4) Þörfum fyrir sérkennslu þarf að fullnægja og framlög til eflingar hennar þurfa tímabundinn forgang við úthlutun fjár til menntamála.
- 5) Sjálfstæði skóla verði aukið í rekstri og innra starfi. Nemendur, foreldrar og kennarar eigi fulltrúa í skólanefndum.
- 6) Skóladagur verði samfelldur og nemendum gefinn kostur á viðveru utan kennslustunda auk máltíða í skólanum.
- 7) Endurskoða þarf fyrirkomulag skólaaksturs, skólaselja, heimavista og skólahverfa með það að markmiði að jafna rétt til náms.
- 8) Nemendum verði fækkað í fjölmönnum námshópum, viðmiðunartala verði 24.
- 9) Námsgagnagerð verði eflð. Gætt verði jafnréttissjónarmiða við gerð námsefnis.
- 10) Sett verði rammalöggjöf um framhaldsskóla og skólakostnað.
- 11) Komið verði á fjarnámi og fullorðinsfræðsla verði eflð verulega.

- 12) Komið verði upp ódýru leiguhúsnæði fyrir þá sem sækja nám fjarri heimabyggð.
- 13) Námslán dugi til framfærslu. Lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna verði ekki breytt á þann veg að þau skerði jafnrétti til náms.
- 14) Efla skal Háskóla Íslands sem vísinda- og rannsóknarstofnun með auknum fjárveitingum til rekstrar og bygginga.
- 15) Sjálfstæði Háskóla Íslands verði virt og hann verði óháður ráðherravaldi við stöðuveitingar.

VIII Friðar- og utanríkismál

- 1) Taka skal skýra afstöðu með því að Ísland verði aðili að yfirlýsingu um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd.
- 2) Hernaðarframkvæmdir hér á landi verði stöðvaðar. Unnið verði markvisst að atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum með það að markmiði að Íslendingar verði óháðir hernum hvað varðar atvinnu og efnahag, sem er fyrsti áfangi og ein forsenda þess að erlendur her hverfi héðan.
- 3) Staðið verði við gerðar samþykktir um þróunaraðstoð.
- 4) Áhersla verði lögð á gott samstarf við allar þjóðir á alþjóðavettvangi og stuðlað að því að mannréttindi verði virt og vernduð hvar sem er í heiminum og starfsemi Sameinuðu þjóðanna eflað.

Trúnaðarmál

Kvennalistinn

MARKMIÐ RÍKISSTJÓRNARINNAR

(tillaga í stjórnarmyndunarviðræðum 1987)

Fyrsta og stærsta verkefni nýrrar ríkisstjórnar er að tryggja öllum þegnum þjóðfélagsins tekjur sem duga til framfærslu. Ríkisstjórnin mun vinna sérstaklega að því að styrkja stöðu fjölskyldunnar, bæta kjör kvenna og barna og auka áhrif kvenna á öllum sviðum þjóðlífsins.

Annað meginverkefni ríkisstjórnarinnar verður tiltekt í ríkisbúskapnum, hagræðing, sparnaður og gagnger endurskoðun tekjuöflunar ríkissjóðs. Áhersla verður lögð á stórefldar skattrannsóknir og eftirlit sem sérstaklega beinist að undandrætti undan söluskatti. Allar aðgerðir verða að hafa það að meginmarkmiði að dreifa byrðunum réttlátlega og jafna og bæta félagslega þjónustu.

Menntun, menning og rannsóknarstarfsemi verði eflað, enda er það sá grunnur sem þjóðfélag framtíðarinnar byggist á.

Valddreifing í stjórnkerfinu verði aukin. Fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga verði tryggt.

Óhjákvæmilegt er að gera átak til virkari og hagkvæmari stjórnunar umhverfismála í einu ráðuneyti.